

3. fundur 19. mars kl. 13:00 í Aratungu.

Mættir: Guðni Sighvatsson, Sara Rosida Guðmundsdóttir, Gunnar Gunnarsson og Harpa Sævarsdóttir. Eva Magnúsdóttir hjá Podium sat einnig fundinn.

1) Eva kynnti hugmyndir að vinnu við gerð forvarnarstefnunnar. Framundan yrðu þrjár vinnustofur þar sem hugmyndum hagsmunahópa er safnað saman sem myndar grunn stefnunnar. Gert er ráð fyrir vinnu fram á vorið og að stefnan yrði fullkláruð og kynnt í haust.

2) Samningur við Podium lagður fram og ræddur.

*Fundurinn leggur til við sveitastjórn að samþykkja framlagðan samning.*

3) Næst á dagskrá er að halda tvær vinnustofur í apríl. Gunnar mun vera Evu innan handar að ákveða hentuga dagsetningu og boða til hagsmunaaðila sem óskað er eftir að sitji vinnustofurnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið 14:30.

Harpa Sævarsdóttir

Gunnar Gunnarsson

Sara R

Guðni Sighvatsson